

# SÉRTÆKIR SKILMÁLAR UM NAV Í ÁSKRIFT

## Inngangur

Hér á eftir fara skilmálar þeir sem gilda um notkun og aðgang að NAV í áskrift. Um þjónustuna gilda einnig almennir viðskiptaskilmálar Advania Ísland ehf. og leyfisskilmálar Microsoft Corporation vegna Microsoft Dynamics NAV. Skilmálar þessir teljast sértækir viðskiptaskilmálar gagnvart almennum viðskiptaskilmálum Advania.

Advania áskilur sér einhliða rétt til að breyta skilmálum þessum. Fjallað er nánar um slíkar breytingar í grein 12 hér að neðan.

Skilmálar eru gefnir út þann 1. janúar, 2019 og gilda frá þeim degi.

## 1. Um NAV í áskrift

NAV í áskrift er þjónusta sem veitir áskrifendum aðgang að Microsoft Dynamics NAV sem er hýst í Microsoft Azure hýsingarumhverfinu. Áskrifanda er heimilt að vista NAV áskriftarleyfi á eigin búnaði, eða búnaði hýsingaraðila, með því skilyrði að Advania hafi ávallt „Admin“ aðgang að viðkomandi búnaði.

## 2. Skilgreiningar

*Áskrifandi:* Með hugtaki þessu er átt við aðila sem keypt hafa aðgang að NAV í áskrift.

*Hugbúnaðurinn:* Með þessu hugtaki er átt við Microsoft Dynamics NAV, staðlað kerfi frá framleiðanda.

*Kerfið:* Með hugtakinu kerfið er átt við NAV í áskrift.

*Leyfisskilmálar:* Með hugtaki þessu er átt við End User License Agreement (EULA) vegna Microsoft Dynamics NAV.

*Notandi:* Með hugtakinu notandi er átt við hvern þann einstakling sem notar kerfið.

*Íslenskar sérlausnir:* Hér er átt við sérlausnir frá Advania sem sniðnar hafa verið að íslenskum aðstæðum, sem dæmi; launakerfi, tengingar við banka og þjóðskrá, rafræn sending og móttaka reikninga.

*Skilmálar:* Með hugtakinu skilmálar er átt við skilmála þessa.

## 3. Hugbúnaðarleyfi

Með kaupum á NAV í áskrift felst réttur til notkunar á hugbúnaðinum og fá áskrifendur aðgang að nýjustu útgáfu hans hverju sinni. Vinna við uppfærslur er innifalin í mánaðargjaldi, nema framkvæmdar hafi verið séraðlaganir á stöðluðu kerfi. Advania er endursöluaðili á hugbúnaðinum en Microsoft Corporation á allan eignar- og höfundarrétt að hugbúnaðinum, sama hvaða nafni nefnist, fyrir utan íslenskar sérlausnir. Í áskriftinni felst einungis réttur til notkunar á kerfinu.

## 4. Áskrift

Aðgangur að kerfinu er selt í áskrift og ákvarðast verð miðað við fjölda notenda, tegund áskriftarleiða og viðbótar sérkerfa sem óskað er eftir. Aðgangurinn miðast alltaf við einn mánuð í senn og skal hann greiddur fyrirfram.

Í hverri áskriftarleið er innifalin tiltekin fyrirfram ákvörðuð þjónusta. Áskrifandi getur hvenær sem er óskað eftir að skipta um áskriftarleið. Óski áskrifandi eftir að fara upp um áskriftarflokk tekur slík breyting gildi strax. Óski áskrifandi eftir að fara niður um áskriftarflokk eða að fækka notendum er litið á slíka breytingu

sem uppsögn að hluta og fara um þær sömu reglur og um uppsögn á samningnum.

Advania áskilur sér rétt til þess að breyta þeim áskriftarleiðum sem í boði eru án fyrirvara. Slíkar breytingar geta haft áhrif á mánaðarleg gjöld samnings. Þeir sem þegar hafa keypt áskriftarleið sem breytt er verður tilkynnt um breytingar og taka slíkar breytingar gildi gagnvart áskrifanda mánaðamótin eftir að tilkynnt er um þær.

## 5. Önnur þjónusta

Fyrir alla þjónustu við kerfið, hvort sem um er að ræða uppsetningu, prófanir, viðgerðir sem ekki eru vegna bilana á ábyrgð Advania eða annars konar þjónustu sem áskrifandi kann að óska eftir af hálfu Advania, skal vera greitt fyrir samkvæmt gjaldskrá.

## 6. Uppsögn

Uppsagnarfrestur á áskrift eru 3 mánuðir og hefst uppsagnarfrestur við mánaðamótin eftir að uppsögn berst. Uppsögn skal vera skrifleg og berast með sannanlegum hætti á netfangið [uppsogn@advania.is](mailto:uppsogn@advania.is). Ef samið hefur verið um sérstakan bindítíma á samningi, þá tekur ofangreindur uppsagnarfrestur við að loknum bindítíma samnings.

## 7. Greiðsludráttur

Komi til greiðsludráttar af hálfu áskrifanda áskilur Advania sér rétt til innheimtu dráttarvaxta á reikninga sem greiddir eru eftir eindaga í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Komi til verulegs greiðsludráttar áskilur Advania sér rétt til að loka tímabundið á þjónustuna og krefjast opnunargjalds þegar hún er opnuð að nýju. Verulegur greiðsludráttur telst vera greiðsludráttur sem varir í meira en 30 daga eftir eindaga reiknings. Advania áskilur sér rétt til að fjarlægja uppsetningu kaupanda af vörinni í kerfum Microsoft 30 dögum eftir lokun. Ef tímabil vanskila fer yfir endurnýjunartíma áskriftar er Advania heimilt að fjarlægja uppsetninguna á lokadegi áskriftar. Advania ábyrgist ekki varðveislu gagna notenda ef til lokunar eða eyðingar uppsetningar kemur.

## 8. Búnaður áskrifanda

Búnaður áskrifanda þarf að uppfylla þær kröfur sem Advania setur fram hverju sinni til þess að hægt sé að keyra kerfið. Upplýsingar um hverjar þær kröfur eru á hverjum tíma má finna á vefslóðinni <https://docs.microsoft.com/en-us/dynamics-nav/system-requirements-for-microsoft-dynamics-nav#client-components>.

## 9. Notendaupplýsingar

Notandanafn, lykilorð og aðrar samskiptaupplýsingar sem notandi kann að láta Advania í té teljast til „aðgangsupplýsingar“ notanda.

Réttur notanda til að fá aðgang að og nota þjónustuna er einstaklingsbundinn og notanda er ekki heimilt að flytja þann rétt til annars manns eða lögaðila. Þannig er notanda ekki heimilt að heimila öðrum aðilum að nota aðgang sinn að kerfinu.

Notandi skilur og samþykkir að hann/hún sé ábyrg(ur) fyrir því að tryggja leynd lykilorðsins sem gerir notanda kleift, ásamt notandanafni, að fá aðgang að kerfinu. Ef notandi verður á einhvern hátt var/vör við að óviðkomandi aðili hafi komist yfir aðgangsupplýsingar sínar, samþykkir notandi að láta Advania strax vita með því að senda tölvupóst á [advania@advania.is](mailto:advania@advania.is).

## 10. Varðveisla gagna og aðrar skyldur við lok samnings

Advania varðveitir ekki gögn áskrifanda eftir að áskrift er sagt upp eða lýkur með öðrum hætti. Hvíli skylda á áskrifanda að varðveita

gögn á grundvelli ákvæða laga eða samninga, eins og t.d. varðveisla bókhaldsgagna á grundvelli laga um bókhald, skuldbindur áskrifandi sig til þess að varðveita sjálfur eintök af þeim gögnum. Greiða skal fyrir afhendingu afrita samkvæmt gjaldskrá. .

Við lok áskriftar getur áskrifandi óskað eftir afriti af gögnum, gegn greiðslu í samræmi við almenna gjaldskrá eins og hún stendur á hverjum tíma. Slík ósk þarf að berast eigi síðar en 30 dögum eftir að áskrift lýkur.

#### 11. Ábyrgðartakmarkanir

Um ábyrgð á kerfinu fer samkvæmt EULA, sértækum skilmálum þessum og almennum viðskiptaskilmálum Advania.

Áskrifendur skrá sig og nota þær þjónustur sem í boði eru á á eigin ábyrgð. Advania ábyrgist ekki að tiltekinn árangur náist af notkun á hugbúnaðinum.

Advania áskilur sér rétt til tjúfa aðgang í tilvikum þar sem um nauðsynlegt viðhald á umhverfi er að ræða eða um uppfærslu kerfis. Advania mun upplýsa um viðhaldsvinnu með að minnsta kosti 48 tíma fyrirvara. Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem slíkt kann að valda nema tjónið sé að rekja til stórkostlegs gáleysis eða saknæmrrar háttsemi af hálfu Advania.

Advania ber ekki ábyrgð á óþægindum eða tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í endabúnaði, tengingu við veraldarvefinn, þeim hugbúnaði sem nauðsynlegur er til tengingar við vefsvæði, vafra eða stýrikerfi notanda eða tölvukerfi, eða af öðrum þeim orsökum sem kunna að valda því að aðgerðir í kerfinu geta ekki farið fram eða verða með öðrum hætti en til var ætlast s.s. vegna tæknibilana, villna í gögnum eða truflana í rekstri tölvukerfa.

Advania ber ekki ábyrgð á óþægindum eða tjóni sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tölvubúnaði og/eða hugbúnaði áskrifenda eða notanda eða af öðrum orsökum sem kunna að valda því að upplýsingar vistaðar í kerfinu eru ekki réttar eða að notandi nái ekki að tengjast þjónustunni.

Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun notanda eða annars aðila með eða án umboðs notanda. Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til rangra aðgerða notanda eða annars aðila.

Upp geta komið tilvik sem valda því að aðgangur að áskriftinni rofnar, t.d. vegna vélbúnaðarbilana, tæknilegra bilana eða hugbúnaðarvillna. Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til slíkra utanaðkomandi atvika t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga, rof hjá veituaðila o.þ.h.

#### 12. Brot á skilmálum og lögbrot

Verði áskrifendur uppvísir að brotum á þessum skilmálum, misnotkun á kerfinu eða hegða sér á þann hátt að augljóst er að viðkomandi getur ekki eða ætlar ekki að uppfylla ákvæði þessa skilmála er Advania hvenær sem er, og án fyrirvara, heimilt að loka aðgangi slíks aðila að hugbúnaðinum og eftir atvikum eyða honum. Í slíku tilfelli verður áskrifanda send tilkynning þess efnis með pósti á skráð heimilisfang áskrifanda og tölvupósti á skráð netfang áskrifanda.

Ef grunur vaknar að um lögbrot sé að ræða þá áskilur Advania sér rétti til tilkynna slíkt til yfirvalda.

#### 13. Breytingar á skilmálum

Advania áskilur sér einhliða rétt til að breyta skilmálum þessum og munu breytingar verða tilkynntar með 30 daga fyrirvara.

#### 14. Almennir viðskiptaskilmálar Advania

Að öllu öðru leyti en fram kemur í þessum samningi gilda almennir viðskiptaskilmálar Advania, sbr. <https://www.advania.is/advania/skilmalar>, og verða þeir við undirritun skjals þessa hluti af samningi aðila.

#### 15. Lög og varnarþing

Skilmálar þessir lúta íslenskum lögum. Ef eitthvert ákvæði skilmála þessara verður dæmt ógilt, ólöglegt eða óháft til fullnustu, dregur það ekki á neinn hátt úr gildi, lögmæti eða fullnustuhæfi annarra ákvæða skilmálanna.

Ágreining um skilmála þessa skulu Advania og áskrifandi leitast við að leysa með samkomulagi. Ef ekki næst samkomulag skulu ágreiningsmál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.